

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Húsavíkurbæ árið 2004.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkurbæjar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald árið 2004, sem heimilt er að innheimta með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) *Íbúðir:*

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald kr. 12.600 á hverja íbúð.

B) *Fyrirtæki og rekstraraðilar:*

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

kr.

Flokkur a)	15.000
Flokkur b)	30.000
Flokkur c)	60.000
Flokkur d)	120.000
Flokkur e)	240.000
Flokkur f)	480.000
Flokkur g)	960.000

C) *Frístundahús:*

Sorpeyðingargjald kr. 2.600 á hús.

D) *Lögbýli:*

Sorpeyðingargjald kr. 18.000 á býli.

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum og rekstraraðilum í flokka.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkurbæjar 20. janúar 2004 með tilvísun til heimildar í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541 frá 25. júlí 2000 og gildir fyrir árið 2004.

Húsavík, 20. janúar 2004.

Vigfús Sigurðsson deildartæknifræðingur.

GJALDSKRÁ

fyrir sérstakt búfjárefirlit í Hörgárbyggð.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun, sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst., skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns, sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutað-eigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 27. janúar 2004.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Hafnarfirði.

Hvaleyrarbraut 35.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 27. maí 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Hvaleyrarbraut 35“ í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Eyrartröð 12.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 30. september 2003 breytingu á deiliskipulagi fyrir „Eyrartröð 12“ í Hafnarfirði. Breytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 27. janúar 2004.

Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar.